

Grænfánafundur 28. September 2016


Mættir á fundinn voru; Nína Sif, Kristín, Hjördís, María og Karítas.

UPPRIFJUN FRÁ SÍÐASTA FUNDI (EN FUNDARGERÐ HAFÐI GLATAST)

- Samgöngukort – í ljós hefur komið að samgöngustyrkur er engöngu í formi þess að starfsmenn geta keypt 12 mánaða strætókort að verðgildi níu mánaða strætókorts.
- Næring: Grænfánafulltrúar deildanna ætluðu að kanna þá tillögu sem kom fram á síðasta fundi að hafa vöflur með rjóma einu sinni í mánuði í staðin fyrir kökuna sem er einu sinni í viku. Skilaboðin frá öllum þeim deildum sem mættar voru til fundar voru að það er ekki vilji til að skipta kökunni út fyrir vöflur einu sinni í mánuði.
- Sund. Hjördís lagði til að við myndum fresta þeirri ætlun okkar a.m.k. fram yfir ármót og að við veltum því upp á þeim tíma hvernig við sjáum að þetta geti verið í framkvæmd. Engin akkur að búa til stressandi umhverfi ef við ráðum ekki við að manna þennan þátt.

EFTIRFARANDI VAR SVO RÆTT Í FRAMHALDINU:

- Næring:** Hvað getum við gert til að t.d. minnka sykurneyslu.
- Minnka sykurmagn í kökunni á miðvikudögum og t.d. að hafa hollari köku annan hvern miðvikudag.
- Taka út súrmjólkina á þriðjudögum og setja hafragraut inn í staðin þá minnkar til að forðast sykurlausi súrmjólkinni.
- Taka sæta jógúrtið alveg út og hafa AB-mjólk í staðin. Hægt væri að sæta hana með sykurlausri sultu. Eða blanda AB-mjólk 50/50 við sæta jógúrtið.
- Taka mysing út.
- Á markaðinn er komin sykurlaus tómatsósa. Kanna hvað hún kostar og hvar hún fæst (Karítas ætlar að kanna). Það væri þá hægt að skipta sykrudu tómatsósunni út fyrir hana.
- Allir vildu halda í kakó, bollur og sultu á föstudögum. Það má minnka magn kakómalts og hafa áhrif á hversu mikil sulta fer ofan á bollurnar.
- Leyfa börnunum að velja á líðræðislegan hátt hvað er í matinn einu sinni í mánuði..
 - Álfaland velur fyrir október
 - Bjarmaland fyrir nóvember
 - Draumaland fyrir desember



- Heimaland fyrir janúar
- Óskaland fyrir febrúar
- Undraland fyrir mars
- Láta eldhúsið vita með góðum fyrirvara hvað börnin völdu svo hægt sé að koma ókinni fyrir á matseðli þ.e í lok hvers mánaðar á undan þeim mánuði sem þeirra valdagur er.

Hreyfing

- Göngutúrar einu sinni í viku og skrá niður göngutúrana (safna í skýrslu). Umræða kom einnig í þessu sambandi að mikil hreyfing væri á útisvæði eftir hádegi. Einnig komu fram vangaveltur um hvort við værum með of mikið skipulag fyrir börnin og hvort það gæti verið að þess vegna væri svo mikill óróleiki í þeim? Er of mikið af öllu í dagskipulaginu?

- Hugarró** einhverjir byrjaðir á því að nota hugarrónna í daglegu starfi.

Ekki vannst tími til frekari umræðna og fundi var slitið kl. 11:10.

Fundargerð ritaði, Hjördís.